

Hvað er almenn leynileg atkvæðagreiðsla

Með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu er átt við að hún skuli ná til allra félagsmanna sé um almennt verkfall að ræða en ella til þeirra sem vinnustöðvun á að taka til og að þeim gefist tækifæri til þess tjá vilja sinn og greiða atkvæði með leynilegum hætti. Það verður ekki gert án þess að atkvæðagreiðslan sé skrifleg eða framkvæmd á rafrænan hátt þannig að fyllsta öryggis sé gætt.

11. Grein reglugerðar ASÍ um rafræna atkvæðagreiðslu

„Rafræn atkvæðagreiðsla skal framkvæmd þannig að kjörstjórn sendir þeim er kosningarétt eiga kjörgögn en þau eru aðgangslýkill að rafrænum kjörseðli.

Auk aðgangslýkils skulu fylgja leiðbeiningar um framkvæmd rafrænnar kosningar þar sem m.a. komi fram hvernig kjósandi tjáir vilja sinn og hvernig atkvæði hans komist til skila. Taka skal skýrt fram fyrir hvaða tíma atkvæði skuli hafa borist kjörstjórn, en miða skal við að kjósanda berist í hendur kjörgögn það tímanlega að öruggt sé að kjósandi geti greitt atkvæði sitt innan tímamarka. Kjörgögn skulu þó póstlögð þannig, þegar um skyldubundna atkvæðagreiðslu skv. 1.gr. er að ræða, að a.m.k. 7. dagar líði frá því kjörgögn eru póstlögð og þar til atkvæðagreiðslu á að vera lokið. Atkvæðagreiðsla skal standa yfir a.m.k. í 3 sólarhringa. Auglýsingar um rafræna atkvæðagreiðslu skulu birtar eigi síðar en sama dag og kjörgögn eru póstlögð. Samhliða rafrænni kosningu, skal kjósendum ætíð gert mögulegt að fá aðgang að viðeigandi tölvubúnaði á kjörstað og skal í því efni farið að ákvæðum 15. gr. reglugerðar þessarar

Þess skal gætt í hvívetna að ekki sé hægt að rekja greidd atkvæði til tiltekins eða tiltekinna kjósenda og skal þess gætt að rafræn atkvæði séu ekki sett í sameiginlegt safn til talningar fyrr en kosningu er lokið.

Komi í ljós við atkvæðagreiðslu að kjósandi hafi þegar nýtt kosningarétt sinn, annað hvort rafrænt eða á kjörstað, gildir það atkvæði sem síðast hefur verið greitt.“

Athygli er vakin á því að sé svarmöguleikinn “Ég tek ekki afstöðu” nýttur telst það sem greitt atkvæði. Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þarf meirihluti kjósenda að samþykkja tillöguna svo hún hljóti brautargengi. Því eru lögð saman „nei“ atkvæðin og „tek ekki afstöðu“ og „já“ atkvæðin þurfa að vera fleiri en þau til að verkfall sé samþykkt.